

Mikilvægi hljóðkerfisvitundar fyrir farsælt lestrarnám

Til að læra að lesa þarf einstaklingur að búa yfir ákveðinni grunnfærni:

- ♦ **Góðum orðaforða og málþroska**
- ♦ **Hljóðkerfisvitund**
- ♦ **Bókstafabekkingu**

Í þessum bæklingi eru hugmyndir um hvernig efla má og þjálf hljóðkerfisvitund barna. Byrjað er á einföldum þáttum eins og rími og lengd orða, síðan má fikra sig eftir gátlistanum. Mikilvægt er að hafa í huga að börn hafa misgóða hljóðkerfisvitund en hana er hægt að þjálf og því er mikilvægt að foreldrar séu meðvitaðir um á hvaða stigi barnið er.

Fléttið þjálfunina inn í **daglegt líf**, t.d. í matartíma eða sundferð. Spyrjið barnið hvað **rímar** við kál, fiskur, bollur? Hvað er **fyrsta hljóðið** í kútur, pottur, klefi?

Tengsl hljóðkerfisvitundar við lestur

Í upphafi lestrarnáms er mikilvægt að nemendur hafi þróað með sér góða **hljóðkerfisvitund**.

Hljóðkerfisvitund er meðvituð færni í að vinna með hljóð málsins, tengsl þeirra og hvernig unnt er að greina talað mál niður í einingar. Má þar nefna að ríma, setja saman orð, sundurgreina setningar í orð, sundurgreina orð í atkvæði, finna fyrsta hljóð í orði o.fl..

Fjöldi rannsókna hafa sýnt fram á að börn með **lestrarerfiðleika** eru með **lélega hljóðkerfisvitund**. Mat á hljóðkerfisfærni hefur því forspárgildi um hverjir gætu átt í örðugleikum með lestur og stafsetningu. Veikleikana er hægt að greina áður en formlegt lestrarnám hefst og því er hægt að grípa inn í með snemmtækri íhlutun (Höien og Lundberg, 2000; Rief og Stern, 2010). Þáttur foreldra í þjálfun og þróun hljóðkerfisvitundar er því afar mikilvægur.

Góða skemmtun



Hljóðkerfisvitund

grunnur að góðri
lestrarfærni
hugmyndir.



HLJÓÐKERFISVITUND

1. Rím

2. Þekkja löng og stutt orð

3. Samtenging

4. Sundurgreining

5. Hljóðgreining

6. Eyðing

1. Rím

◆ Venjulegt rím

Foreldri segir orð og barnið á að finna rímorð. Í fyrstu má það vera bullorð en síðan að gera kröfur um að finna orð með merkingu. Reynið að finna eins mörg orð og hægt er. **bill, fill, dill**

◆ Rímar - Rímar ekki

Segið tvö orð, sem ríma eða ekki. Barnið á að segja hvort þau ríma eða ekki.

sól—jól, fill—selur, tala—mala

◆ Ósamræmi í rími

Hvaða orð rímar ekki? **kaka, fata, baka**

2. Þekkja löng og stutt orð

Bera saman tvö orð og finna út hvort er styttra/lengra.

Hvort orðið er lengra? **Bill eða kónguló?**

Hvort orðið er styttra? **Ananas eða rófa?**



3. Samtenging

◆ Samsett orð

Setja saman orð: **hundur + kofi = hundakofi**

◆ Samstöfur

Tengja samstöfur saman í orð: **ko-fi = kofi, bak-po-ki = bakpoki**

◆ Tengja hljóð saman í orð

Hlusta á einstök hljóð og tengja saman í orð: **/s/-ól/-l/ = sól**

◆ Hljóði bætt framan við orð

Breyta orði með því að bæta **hljóði** fyrir framan orð. Bættu **s** fyrir framan **ól** = **sól**, **l** fyrir framan **ás** = **lás**

4. Sundurgreining

◆ Orð í setningum

Telja orð í setningu. Hvað eru þetta mörg orð?

„**Það er fiskur í matinn**”

Búa til setningar út frá daglega lífinu og teljið orðin. Veljið stuttar setningar í byrjun. „**Ég á bolta**”. „**Pabbi er að elda**”

◆ Sundurgreining samsettra orða

Taka í sundur samsett orð. Úr hvaða orðum er **hundakofi** búið til? **Hundur** og **kofi**

◆ Samstöfur - Atkvæði

Hér á að telja (klappa) atkvæðin í orði (sérhljóðin).

Hvað eru mörg atkvæði í **sól**? 1 atkvæði (ó)

Hvað eru mörg atkvæði í **kisa**? 2 atkvæði ki-sa (i og a)

Notið orð úr daglega lífinu t.d. í búðinni, í bilnum

◆ Sundurgreining orða í hljóð

Orð sundurgreint í hljóð.

Hvaða hljóð eru í orðinu **sól**? (s-ó-l) 3 hljóð

Hvaða hljóð eru í orðinu **sófi**? (s-ó-f-i) 4 hljóð



5. Hljóðgreining

◆ Að greina forhljóð orðs

Finna fyrsta/fremsta hljóð í orði.

Hvaða hljóð er fyrst/fremst? **sól (s), epli (e),**

úlpa (ú)

Gætið þess að nota ekki strax orð með samhljóðasamböndum s.s. **sk, sl, bl, kr**

◆ Að greina endahljóð orðs

Finna síðasta hljóð í orði.

Hvaða hljóð er síðast? **úlpa (a), úti (i), ís (s)**

◆ Að greina miðjuhljóð orðs

Finna miðjuhljóð í orði.

Hvaða hljóð er í miðjunni? **kál (á), melur (l).**

◆ Finna orð með sama forhljóði

Finna orð með sama **forhljóði**. **m = mús, matur, mamma, málning**

◆ Mátá hljóð við orð

Heyrist ákveðið hljóð í orði? Heyrist **p** í pípa?

Heyrist **p** í bill? Heyrist **á** í sól. Heyrist **t** í úti?

6. Eyðing

◆ Orðhlutaeyðing og atkvæðaeeyðing

Segja orð en sleppa orðhluta/atkvæði.

Segðu **sandkassi** án þess að segja **kassi =**

sand. Segðu **hæna** án þess að segja **hæ = na**

◆ Eyðing hljóðs

Taka **fyrsta hljóð** úr orði: taktu **r** úr **raka = aka**

Taka **fyrsta hljóð** úr **samhljóðasambandi**: taktu

s úr **staka = taka**

Taka **síðasta hljóð** úr orði: taktu **i** úr **Óli = óli**